

## Fréttabréf lyfjadeildar

## Prótónpumpuheimlar (PPI lyf)

Kostnaður sjúkratrygginga vegna prótónpumpuheimla nam 812 milljónum kr. árið 2008, þar af var kostnaður vegna esomeprazol (Nexium) 554 milljónir kr., sem er kostnaðarmesta lyfið hjá sjúkratryggingum.


## Kostnaðarmesta lyfin hjá sjúkratryggingum 2008

Nr.	Lyf	Kostnaður SÍ
1	Esómeprazol (Nexium, Nexium Mups)	553.800.459
2	Salmeteról (Seretide, Seretide Diskus)	352.447.661
3	Metýlfenídat (Concerta, Equasym, Ritalin, Ritalin Uno)	303.890.060
4	Atorvastatín (Zarator, Atacor)	271.282.873
5	Escítalópram (Cipralex)	260.718.623
6	Formóteról (Symbicort Turbuhaler)	242.109.617
7	Pregabalín (Lyrica)	190.608.482
8	Venlafaxín (Efexor, Efexor Depot, Venlafaxin Portfarma)	181.440.769
9	Lósartan og þvagræsilyf (Cozaar Comp, Presmin Combo)	170.730.740
10	Quetíapín (Seroquel, Seroquel Prolong, Quetipin Merck NM)	164.893.176

Tafla 1.


Fjórar tegundir PPI lyfja eru á markaði á Íslandi:

**lansóprazol** (Lanzo, Lanso Melt Lansoprazol Ranbaxy), **ómeprazol** (Omeprazol Actavic, Losez Mups, Lomex-T), **rabeprazol** (Pariet) og **esómaprazól** (Nexium, Nexium Mups).





Mynd 1. Kostnaður sjúkratrygginga vegna mismunandi PPI lyfja.

Mikill munur er á verði mismunandi PPI lyfja:



Mynd 2.

20 mg af ómeprazol, rabeprazol og esomeprazol og 30 mg af lansóprazol teljast jafngildir styrkleikar þ.e. hafa sambærilega verkun\*. Þrátt fyrir það eru flestir einstaklingar hér á landi á dýrari lyfjunum. Um 19 þúsund einstaklingar fengu esómeprazol á árinu 2008 en um 4 þúsund einstaklingar fengu ómeprazol. Íslendingar nota hlutfallslega mun meira af dýrari lyfjum en aðrir Norðurlandabúar.



Myndir 3 og 4. Hlutfall af heildarnotkun PPI lyfja á Íslandi og í Stokkhólmi 2008, mælt í DDD.

Það vekur athygli að aukning hefur verið í notkun rabeprazol (Pariet) á Íslandi undanfarna mánuði sem er eitt af dýrari PPI lyfjunum en þetta lyf er notað í mjög litlum mæli annars staðar á Norðurlöndunum. Hugsanleg skýring er að þetta lyf hefur verið mikið notað á sjúkrahúsunum þar sem það er boðið á miklum afslætti og því ráðlagt þar. Áframhaldandi notkun eftir útskrift ætti að endurmeta af heimilislækni viðkomandi.

Ef notkun PPI lyfja væri með svipuðum hætti og í Stokkhólmi væri hægt að **lækka lyfjakostnað sjúkratrygginga um 300 milljónir kr. á ársgrundvelli.**

\*[http://www.irf.dk/dk/rekommandationsliste/baggrundsnotater/fordoejelse\\_og\\_stofskifte/v\\_alg\\_af\\_laegemidler\\_mod\\_mavesyrelaterede\\_forstyre.htm](http://www.irf.dk/dk/rekommandationsliste/baggrundsnotater/fordoejelse_og_stofskifte/v_alg_af_laegemidler_mod_mavesyrelaterede_forstyre.htm)

Ábyrgðamenn fréttabréfs eru Guðrún I. Gylfadóttir, deildarstjóri, Margrét R. Kristjánsdóttir, lyfjafræðingur og Sigurður Helgason, læknir. Upplýsingar eru fengnar úr tölfraeðigagnagrunni og byggja á afgreiddum lyfseðlum sem apótek senda með rafrænum hætti.